



## Viðbragðsstig eru eftirfarandi:

### Viðbragðsstig I. dreifbýli

3 vörubílar með snjótönn

Tveir pallbílar Fljótsdalshéraðs

Lengstur viðbragðstími verktaka má vera tvær klukkustundir.

### Viðbragðsstig II

Vörubíll með sanddreifara

Einn pallbíll Fljótsdalshéraðs með sanddreifara

Lengstur viðbragðstími verktakamá vera ein klukkustund.

## Útkall og snjóhreinsun

Eftirlitsmaður Fljótsdalshéraðs forgangsraðar verkefnum í snjóhreinsun og hálkueyðingu í samræmi við gatna- og vegakort. Verktaki tekur einnig að sér vinnu fyrir Fljótsdalshérað samkvæmt verkbeiðni þar um, á öðrum stöðum þar sem ekki eru til fullunnin snjóhreinsunarkort af vegakerfi. Hér er átt við vegi sem eru ekki inni í mokstursáætlun Vegagerðarinnar.

Verktaka er heimilt að ráða til sín undirverktaka vegna verksins með samþykki Fljótsdalshéraðs.

Verktaki skal fara í einu og öllu eftir fyrirmælum eftirlitsmanns Fljótsdalshéraðs varðandi fyrirkomulag og gæði hreinsunar.

## Til íbúa í dreifbýli

Vakinn er athygli á breyttum reglum á snjóhreinsun í dreifbýli. Framvegis verður eingöngu full þjónusta á þeim heimreiðum þaðan sem skólaakstur er.

Á þeim dögum sem sorphreinsun fer fram þá skulu allar heimreiðar hreinsaðar, sama gildir um heimreiðar að þeim bæjum þar sem íbúar njóta heimaþjónustu frá félagsþjónustu.

Íbúar í dreifbýli eru hvattir til að koma upplýsingum um færð á vegum til starfsmanna þjónustumiðstöðvar og óska þar eftir snjóhreinsun þegar þess er þörf.

## Snjóhreinsunarreglur Vegagerðarinnar

Hér fyrir neðan er veffang þar sem hægt er að nálgast upplýsingar frá Vegagerðinni um viðmiðunarreglur sem gilda um snjóhreinsun og hálkueyðingu á vegum sem Vegagerðin hefur umsjón með. Fljótsdalshérað sér um hreinsun á heimreiðum þar sem um skólaakstur er að ræða ásamt þeim vegaköflum þar sem færri en þrjú bæir eru fyrir innan. Þeir vegir sem flokkast undir helmingamokstur sér Vegagerðin um að kalla til verktaka í hreinsun, en Fljótsdalshérað greiðir helming kostnaðar á móti Vegagerðinni.

Handbók um vetrarþjónustu:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarthjonusta/>



## Viðbragðsáætlun þéttbýlis

### Snjóhreinsun í þéttbýli:

Verktaki, skal hefja snjóhreinsun samkvæmt viðbragðsáætlun sem hér fer á eftir, þegar eftirlitsmaður Fljótsdalshéraðs óskar þess.

Gert er ráð fyrir að hægt sé að kalla út viðbragðsstig I-III samtímis og skulu þá aðgerðir verktaka vera samkvæmt tímaramma hvers viðbragðsstigs. Jafnframt skal verktaki leggja fram til verksins tæki samkvæmt viðkomandi viðbragðsstigi.

Viðbragðstími er sá tími sem verktaki hefur til þess að hefja snjóhreinsun frá því að hann er kallaður út af eftirlitsmanni bæjarfélagsins.

### Viðbragðsstig eru eftirfarandi

#### Viðbragðsstig I. þéttbýli: (Lítill úrkoma snjólög ca. 5-10 cm að jafnaði)

- Hefill með snjóruðningsbúnaði
  - 2 pallbílur með tönn í eigu bæjarfélagsins
- Lengstur viðbragðstími verktaka má vera hálf klukkustund.

#### Viðbragðsstig II. þéttbýli: (snjólög ca. 10-20 cm)

- Hefill með snjóruðningsbúnaði
  - Pallbíl með tönn
  - Traktorsgrafa 1-2
- Lengstur viðbragðstími verktaka má vera ein klukkustund.

#### Viðbragðsstig III. þéttbýli: (Mikil úrkoma, eftir stórhrið)

- 2 heflar með snjóruðningstækjum
  - 2 hjólaskóflur með snjóskóflum
  - 3 traktorsgröfur með snjóskóflum
  - Önnur tæki eftir þörfum
- Lengstur viðbragðstími verktaka má vera fimm klukkustundir.

### Útkall og snjóhreinsun

Eftirlitsmaður Fljótsdalshéraðs forgangsraðar verkefnum í snjóhreinsun og hálkueyðingu í samræmi við göngustíga, gatna- og vegakort.

Götum er skipt upp í þrjá flokka og er hver flokkur með sitt þjónustustig. Flokkarnir eru eftirfarandi:

- **Rauðar götur** eru með þjónustustig I og er lögð áhersla á að þær séu alltaf greiðfærar. Hafin er hreinsun á þeim götum kl. 06.00 að morgni þegar þörf krefur. Einnig er meiri áhersla lögð á hálkueyðingu á þeim götum. (stofngötur)
- **Gular götur** verða hreinsaðar í beinu framhaldi að rauðum götum og er sama áhersla á hálkueyðingu og á rauðum götum. (verslunar og þjónustugötur)
- **Grænar götur** eru allar íbúðagötur. Lágmarks þjónusta verður á þeim götum, þar hefst hreinsun ekki fyrr en eftir kl. 08.00 að morgni þegar þörf krefur. Ekki verður hreinsað um helgar. Íbúðargötur verða ekki hreinsaðar nema þær séu við það að verða ófærar fyrir fólksbíla, útlit er fyrir hláku eða sorphreinsun geti ekki farið fram. Þegar unnið er að hreinsun í íbúðagötum er verktaka ekki heimilt að ryðja fyrir heimkeyrslur húsa. Þau tilfelli geta samt komið upp að ekki sé hreinsað frá innkeyrslum fyrr en 1-2 tímum eftir að hreinsun götu er lokið.

### Gönguleiðir

Gert er ráð fyrir að gangstéttar á ákveðnum leiðum séu hreinsaðar samhliða götum. Ekki verða allar gangstéttar hreinsaðar Gönguleiðum er skipt upp í tvo flokka og eru þeir eftirfarandi:

- **Appelsínugular gönguleiðir** eru í forgangi. Hreinsun á þeim fer fram um leið og hreinsun á rauðum götum.



- **Fjólubláar gönguleiðir** eru hreinsaðar samhliða hreinsun íbúðargatna.

## Almennt

Ef veðurspá gefur tilefni til eftirlitsmaður mælir svo fyrir um, þá skal hefja snjóhreinsun ekki síðar en kl. 06:00. Fyrirvari á útkalli miðast við viðbragðsstig.

Ef verktaki hefur ekki verið aðvaraður kvöldið áður, er fyrirvari viðbragðsáætlunar lengdur um 30 mínútur. Verður þá haft samband við verktaka kl. 5:00 að morgni eða síðar.

Eftirlitsmaður tilkynnir verktaka ákvörðun sína um viðbragðsstig.

Almennt er miðað við að grænar götur verði hreinsaðar eftir kl. 08:00.

Ef sýnt er að um verulega snjóhreinsun sé að ræða verður tilkynnt um hækkað viðbragðsstig, t.d. í því tilfalli að stórhrið skelli á. Ekki verða hreinsaðar nema rauðar og gular götur meðan á stórhrið stendur, hreinsun hefst annarstaðar þegar stórhrið gengur niður.

## Kröfur um hreinsun

Ekki er krafist þess að allar götur séu stífhreinsaðar, heldur er leyft að skilja eftir snjó á götum svo fremi að ekki stafi hætta af né óþægindi fyrir umferð eða gangandi vegfarendur.

Gert er ráð fyrir að hreinsað verði frá öllum innkeyrslum og merktum gönguleiðum samkvæmt korti.

Verkhlutar sem starfsmenn Fljótsdalshéraðs sjá sjálfir um framkvæmd á

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá um að hreinsa öll plön stofnana sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að Fljótsdalshérað komi til með að sjá um hálkuvarnir ásamt verktaka.

## Til íbúa í þéttbýli

Ef upp koma tilfalli þar sem ekki hefur verið nægjanlega vel staðið að hreinsun eða öðru sem við kemur snjóhreinsun og hálkuvörnum, er íbúum bent á að koma upplýsingum til starfsmanna Fljótsdalshéraðs í þau símanúmer sem gefin eru upp hér að neðan, eða á netföng þeirra. Koma starfsmenn til með að vinna úr þeim ábendingum sem berast og tryggja góðan framgang verksins. Þegar stórhrið gengur yfir verður ekki hreinsað í íbúðagötum fyrr en veðri slotar. Lögð er áhersla á að halda rauðum og gulum götum greiðfærum frá kl. 07.00 til 17.00. Um helgar er lengri viðbragðstími hvað hreinsun snertir og ekki um jafn hátt þjónustustig að ræða og á virkum dögum.

Sérstakar veðurfarslegar aðstæður geta í einstaka tilfellum breytt ofanrituðu.

Íbúum er bent á að aðvara starfsmenn Fljótsdalshéraðs strax ef eignir verða fyrir skemmdum af völdum snjóhreinsunar, svo koma megi þeim skilaboðum til verktaka. Íbúum er bent á að merkja bíla sem huldur eru snjó þegar gera má ráð fyrir að hreinsað verði.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar – símar 4 700 780 og 864 4979

Netfang þjónustumiðstöðvar er [kari@egilsstadir.is](mailto:kari@egilsstadir.is)

Einnig er hægt að koma ábendingum á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 4 700 700 eða [egilsstadir@egilsstadir.is](mailto:egilsstadir@egilsstadir.is)